

## Samstarfshópur miðborgarmála

Ár 2020, þriðjudaginn 13 október, var haldinn 1. fundur samstarfshóps miðborgarmála. Fundurinn var haldin í fjarfundarbúnaði og hófst hann kl. 12:00. Fundinn sátu Þorsteinn Gunnarsson formaður, Ágúst Elvar Bjarnason, Anna Kristinsdóttir, Benóný Ægisson, Ýmir Björgvin Arthúrssón, Sævar Hilmarsson, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Helgi S Gunnarsson, Andrés Magnússon, Bjarni Kjartansson, Íris Alma Vilbergsdóttir, Arnar Þór Hjaltested, Ólafur Stephensen, María Hjaltalín, Sif Gunnarsdóttir, Hafsteinn Viktorsson, Hjalti Jóhannes Guðmundsson, Edda Ívarsdóttir, Óskar Ísfeld, Tinna Jóhannsdóttir, Guðbjartur Magnússon, Finnur Bogi, Hannesson, Sigprúður Erla Arnardóttir og Gunnar Hersveinn Sigursteinsson. Fundargerð ritaði Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir.

### Petta gerðist:

1. Þorsteinn Gunnarsson kynnti vettvanginn og starfið framundan.
2. Edda Ívarsdóttir borgarhönnuður hjá USK fór yfir skipulagið í Kvosinni ásamt fleiri verkefnum hjá samgöngustjóra og borgarhönnun.
3. Gunnar Hersveinn upplýsingafulltrúi hjá USK fór yfir framkvæmdirnar á Tryggvagötu sem gengið hafa vel og verið í góðu samráði við hagsmunaaðila.
4. Arnar Hjaltested deildarstjóri afnotaleyfa hjá USK fór yfir framkvæmdir almennt í borgarlandinu, framkvæmdasjá og afnotaleyfi borgarlandsins.
5. Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir verkefnastjóri miðborgarmála, Sif Gunnarsdóttir skrifstofustjóri MOF og Íris Alma Vilbergsdóttir verkefnastjóri hjá Höfuðborgarstofu fóru yfir samantekt frá Sumarborginni og næstu skref í markaðsmálum miðborgarinnar eins og t.d. Jólaborgina og öðru tengdu menningarmálum.
6. Óli Örn Eiríksson deildarstjóri atvinnuþróunar fór yfir helstu verkefni atvinnuþróunar í miðborginni
7. Önnur mál
  - a. Andrés Magnússon frá SVP tók til máls og þakkaði kynninguna og lagði áherslu á gott samstarf rekstraraðila við borgina um vörulosun.
  - b. Ólafur Stephensen frá FA tók til máls og ræddi einnig um mikilvægi góðs skipulags og samstarfs á vörulosun. Einnig þakkaði hann góða kynningu og samstarfsvettvanginn.
  - c. María Hjaltalín (íbúasamtök þriðja hverfis) tók til máls, þakkaði fyrir boðið og spurðu hvort það mætti deila glærum fundarins. Formaður og verkefnastjóri hvetja alla til að deila efninu sem kom fram á fundinum til þeirra sem tengjast samstarfshópnum.

**Fundi slitið kl. 13:15**